



REGLUGERÐ UM STYRKTARSJÓÐ GSÍ

1. gr.

Styrktarsjóði Gólfsambands Íslands er ætlað að styrkja íslenska golfklúbba við rekstur golfvalla sinna eða mannvirkja, sbr. 16. grein laga GSÍ.

2. gr.

Fyrst og fremst er horft til þess að styrkja golfklúbba sem þurfa að bregðast við óvæntu tjóni eða áföllum í rekstri golfvalla sinna eða annarra mannvirkja, s.s. vegna veðurs eða annarra náttúruhamfara.

3. gr.

Gert er ráð fyrir því að umsækjendur leggi sjálfir fram mótframlag í viðkomandi verkefni gegn þeim styrk sem samþykktur verður.

Skilyrði fyrir greiðslu er að greinargerð sé skilað til GSÍ þar sem framvindu verkefnisins er skilmerkilega lýst.

4. gr.

Umsóknir um styrki úr sjóðnum, ásamt fylgigögnum, skulu sendar info@golf.is. Umsóknir skulu berast fyrir 1. maí ár hvert.

Úthlutanir til golfklúbba fara eftir þeim umsóknum sem berast sjóðnum. Stjórn tekur endanlega ákvörðun um úthlutun. Stjórn tekur ákvörðun um úthlutun úr sjóðnum fyrir lok maí ár hvert.

Þannig samþykkt af stjórn GSÍ 16. júní 2025.